

6. stjórnarfundur haldinn 29. okt. 2009 kl. 10:15

Boðaðir voru stjórnarmenn, varastjórn og framkvæmdastjóri: Helgi Gestsson (HG), Arnheiður Eypórsdóttir (AE), Erlendur Steinar Friðriksson (ESF), Kristín Guðmundsdóttir (KG), Páll Björnsson (PB), Finnur Friðriksson (FF), Kjartan Ólafsson (KÓ) og Hjördís Sigursteinsdóttir (HS). HS og FF boðuðu forföll; KÓ mætti ekki.

Dagskrá:

1. Kjaramál
HG ræddi um stöðu mála og dreifði gögnum frá BHM.
2. Staða mála samstarfsnefndarfunda
HG og ESF greindu frá því að fyrsti fundur með yfirstjórn HA hefði þegar farið fram. Töldu þeir þetta samstarf lofa góðu.
3. Rýning í lög FHA
HG benti á að skoða þyrfti lög félagsins m.t.t. orðalags í 3. gr. þeirra þar sem segir að aðilar þurfi að vera í a.m.k. 1/3 hluta starfi við HA til að geta orðið félagsmenn. HS fékk upplýsingar um að fjórir félagsmenn séu með minna en þriðjungs starfshlutfall. Samþykkt var að fela HS að setja saman vinnuhóp sem myndi fara yfir löggin þannig að leggja megi tillögur að lagabreytingum fyrir næsta aðalfund félagsins, ef þörf verður talin á.
4. Innkomin bréf
 - a. Vinnumálastofnun hafði samband við félagið 20. okt. og spurðist fyrir um rétt fyrirverandi félagsmanna á atvinnuleysisbótum til að vera félagsmenn í FHA. Samþykkt var að fyrirverandi félagsmenn gætu verið í félaginu svo fremi sem að ekki séu liðin meira en tvö ár frá því að þeir létu af störfum við HA.
 - b. Styrkbeiðni barst Námssjóði félagsins vegna ferðar á ráðstefnu erlendis. Viðkomandi hafði þegar fengið styrk vegna ráðstefnugjalda og styrk frá Starfsmenntasjóði BHM, en óskaði eftir því að Námssjóður FHA greiddi það sem út af stæði. Með vísan í reglur sjóðsins var styrkbeiðninni hafnað.
 - c. Félag prófessora við ríkisháskóla hafði samband við félagið 9. okt. með ósk um að FHA tæki þátt í fundi þar sem ræða á um mögulega sameiningu eða samstarf samtaka starfsmanna í háskólunum. HG hafði þegar svarað bréfinu með jákvæðum hætti með vísan til nýlegrar samþykktar stjórnar um að reyna að hitta stjórnir þessara félaga. Nú er beðið eftir tillögum Félags prófessora um næstu skref.
5. Önnur mál
 - a. Hugmyndir eru uppi um að hafa starfsmannaviðtöl sjaldnar en árlega. Samþykkt var að leggja áherslu á að starfsmaður geti krafist þess að slíkt viðtal fari fram árlega.
 - b. Samþykkt var að tilnefna KG í vinnuhóp sem á að skoða reglur um höfundarétt og notkun á kennslufni, þ.m.t. glærum, sem kennarar hafa útbúið.

Fundi slitið kl. 11:30

Fundargerð ritaði Páll Björnsson